

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍKReykjavík, 23. október 2014
Tilvísun: 2014100007/50.11
Verknúmer: 1227000**Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um þátttöku íslenska ríkisins í kolvetnisstarfsemi. Þingskjal 9**

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 10. október sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um þátttöku íslenska ríkisins í kolvetnisstarfsemi. Þingskjal 9 — 9. mál.

Samkv. 8. gr. a. laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, kolvetnislaga er kveðið á um að ráðaherra sé heimilt að ákveða um þátttöku íslenska ríkisins í vinnslu kolvetnis samkvæmt lögnum. Tekið er fram að ákveði ráðherra að íslenska ríkið taki þátt í vinnslu kolvetnis skuli hann beita sér fyrir stofnun hlutafélags með það að markmiði að gæta hagsmuna íslenska ríkisins vegna þátttöku þess þar sem öll hlutabréf í hlutafélaginu skulu ávallt vera eign ríkissjóðs. Hlutafélaginu er óheimilt að starfa sem vinnslufyrirtæki og því skal eingöngu vera heimilt að starfa á landgrunni Íslands. Hlutafélaginu er þó heimilt að starfa á þeim svæðum utan landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunns Íslands sem íslenska ríkið á rétt á hlutdeild í samkvæmt alþjóðasamningum eða öðrum heimildum. Einn slíkur samningur er í gildi, við Noreg um Jan Mayen svæðið, „Samkomulag milli Noregs og Íslands um landgrundið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen” frá 1981.

Þar sem rekstur vinnslufyrirtækis, felur í sér mikla fjárhagslega áhættu, er félaginu m.a. óheimilt að starfa sem framkvæmda eða vinnslufyrirtæki. Af sömu ástæðu var ákveðið, við annað útboð sérleyfa til rannsókna og vinnslu, að íslenska ríkið tæki ekki þátt í þeim leyfum sem gefin yrðu út á Drekasvæðinu í því útboði þar sem mikil óvissa ríkir um vinnanleg kolvetni á Drekasvæðinu, en frekari rannsóknir leyfishafa mun hlaupa á milljörðum. Komi hins vegar í ljós á rannsóknartímunum að verulegar líkur væru á vinnanlegum kolvetni á svæðinu, væri möguleiki til þátttöku íslenska ríkisins í útgefnum leyfum á Drekasvæðinu, ef ríkið teldi sér hag í að ganga inn í leyfi með því að nýta sér forgangsrétt sinn við aðilaskipti að skyldum og réttindum, milli eins eða fleiri leyfishafa og þriðja aðila, eins og kveðið er á um í samstarfssamningi leyfishafa um hvert rannsóknar og vinnsluleyfi. Slíkur möguleiki er einnig fyrir hendi, komi til afturköllunar leyfis vegna þess að bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga samkvæmt 4. mgr. 10. gr. kolvetnislagsanna. Við slíkar aðstæður, ef til kæmu, þyrfti heimild til stofnunar ríkisólufélags að vera til staðar, svo grípa mætti inn í þá atburðarás, standi hagsmunir Íslands til þess, að því er best yrði séð.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er tilgangurinn með stofnun hlutafélagsins, þegar þess gerist þörf, fyrst og fremst að gæta hagsmuna íslenska ríkisins vegna þátttöku þess í kolvetnisstarfsemi og skal félagið sjá um alla umsýslu í tengslum við slíka þátttöku í útgefnum leyfum innan íslenskrar lögsögu eða utan. Þegar formleg vinna við undirbúning að stofnun ríkisólufélags hefst er lagt til að horft verði til starfsemi slíkra félaga í Noregi og Grænlandi en í báðum löndum er að finna ríkisólufélög þótt nokkur munur sé á starfsemi þeirra. Orkustofnun bendir á að norska ríkisólufélagið Petoro, sem er nú 25% leyfishafi í íslenskum leyfum á Drekasvæðinu, með vísan til samnings Íslands og Noregs frá árinu 1981, er ekki vinnslufélag, heldur er ætlað að taka þátt í leyfum á norska landgrunninu og eftir atvikum öðrum svæðum samkvæmt alþjóðasamningum eða öðrum heimildum og gæta þar norskra

K. A.

hagsmuna fyrst og fremst í kolvetnisstarfsemi.


Orkustofnun hefur lagt mat á það, við gerð frumvarpsins, hver kostnaður yrði við stofnun ríkisolíufélags hér á landi, undir þeim formerkjum sem lagt er til með frumvarpi þessu, og er hann talinn nema um 20–25 millj. kr. Er þar einungis um að ræða tilfallandi kostnað við undirbúning að stofnun slíks félags. Stofnféð, 20 millj. kr., er ekki inni í þeirri tölu, en fjárhæðin tekur mið af stofnfé í sambærilegum lögum sem áður er vitnað til í frumvarpinu. Erfitt er að áætla með nákvæmni hve mikið kostar að reka slíkt hlutafélag þar sem það ræðst af umfangi verkefna og fjölda leyfa. Við undirbúning stofnunar þarf m.a. að vinna áætlun um fjármögnun félagsins og framtíðartekjumöguleika.

Að mati Orkustofnunar og í ljósi þess að norsk stjórnvöld hafa ákveðið, a.m.k. næstu þrjú árin, að hefja ekki útboð leyfa á norska hluta Jan Mayen svæðisins og þess að Ísland þarf ekki að taka ákvörðun um þátttöku í leyfum á því svæði fyrr en og ef vinnanleg kolvetni finnast þar, er ekki líklegt að þörf verði fyrir stofnun íslensk ríkisolíufélags að svo stöddu. Engu að síður er mikilvægt, þegar Ísland er að taka sín fyrstu skref í átt að mögulegri kolvetnisvinnslu, að hefja undirbúning þeirrar þróunar tímanlega m.a. með heimild til stofnunar ríkisolíufélags, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, sem í fyrstu, þegar að stofnun þess kæmi, yrði ekki framkvæmdaraðili og vinnslufélag, heldur félag sem gæti metið á grundvelli fyrirliggjandi gagna um viðkomandi vinnslusvæði, hverjar væru hagnaðarlíkur slíks félags, út frá langtíma hagsmunum Íslands. Þátttaka slíks félags í mögulegum vinnsluleyfum þar sem vinnsla stuðlar að velferð, atvinnu og bættu umhverfi kæmi til álita, kallar á að ríkisolíufélag sé stofnað og tilbúið til þátttöku í slíkum leyfum. Þá þarf heimild ráðherra að liggja fyrir eins og 8. gr. a. kolvetnislaga kveður á um.

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen



Þórarinn Sveinn Arnarson